

Til stjórnar FAAS

Starfssemin í Drafnarhúsi árið 2012 hefur gengið vel og hafa skjólstæðingar og aðstandendur verið sáttir og ánægðir með þjónustuna.

Fjöldi einstaklinga	Innskrift	Útskrift	Maðal viðvera	kk	kvk	Meðalaldur	Býr með maka	Býr hjá börnum	Heima þjónusta
44	20	18	17,7 mán	21	23	81,5	31/44	4/44	24/44
			Lengst 64 mán			Yngstur 58			
			Styst 1 mánuð			Elstur 91			

Það var mikil hreyfing á skjólstæðingum í Drafnarhúsi árið 2012. Alls voru 44 skjólstæðingar sem nýttu sér þjónustuna á árinu, 20 innrituðust og 18 útskrifuðust. Kynjahlutfallið var nokkuð jafnt eða 23 konur á móti 21 karli. Af þeim 44 sem dvöldu í Drafnarhúsi áttu 31 maka og 4 þjuggu í sama húsi og börn. Meðal viðverutími var 17,7 mánuðir, sá sem dvaldist lengst var 64 mánuði og sá sem var styst var mánuð. Af þeim sem útskrifuðust fóru 13 í varanlega vistun, þ.e. 4 fóru á Sólvang, 4 á Hrafnistu í Hafnarfirði, 1 í Skjól, 2 á Droplaugarstaði, 2 á Vífilsstaði. Það létust 3 og 2 líkaði ekki að vera í dagþjálfun. Það fóru 20 í hvíldarinnlagnir á árinu, þ.e. 14 fóru í Mörk, 2 á Sólvang, 2 á Hrafnistu í Reykjavík og 2 fóru á Landakot. Einnig lögðust nokkrir inn á LSH vegna veikinda. Af 44 skjólstæðingum voru 24 með heimaþjónustu að einhverju tagi (morgun-, kvöld- og eða helgarþjónusta) og allflestir voru með aðstoð við þrif á heimili. Einn skjólstæðingur fékk liðveislu. Meðalaldur skjólstæðinga er 81,5 ár, sá yngsti 58 ára og sá elsti 91 árs.

Farið er eftir markmiðum hússins og samkvæmt lögum um málefni aldraða og reglugerð um dagvist aldraða. Boðið er upp á flutningsþjónustu að og frá heimili skjólstæðinga, mat á heilsufari, þjálfun og virkni, félagslegan stuðning, fræðslu og ráðgjöf til aðstandenda og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Skjólstæðingar og aðstandendur fá aðstoð ef þörf er á hjálpartækjum.

Stöðugildi í lok árs 2012 voru 6. Erla Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður í 100% starfi, Ingigerður Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur í 80% starfi, Elsa Óskarsdóttir félagsliði í 80% starfi, Þórdís Guðnadóttir iðjupjálfi í 100% starfi, Una Snorradóttir sjúkraliði í 70% starfi, Hildur Ágústsdóttir jarðfræðingur í 100% starfi og Sigríður Hermannsdóttir í 70 % starfi. Tvær síðastnefndu eru sem ófaglærðir starfsmenn. Þetta er samstilltur og metnaðarfullur hópur og starfsandinn er góður.

Gerðar voru breytingar í hagræðingarskyni á fyrri hluta árs, starfsmanni í ræstingum var sagt upp og keypt þjónusta frá hreingerningarfyrtækinu Hreint, sem byrjaði 1. maí. Í fyrstu var þrifið einu sinni í viku og sáu starfsmenn um þrifin hina dagana. Í nóvember var þessi þjónusta aukin í tvisvar í viku. Þrifin hafa ekki verið góð og má kenna því að það var aldrei sami starfsmaður Hreint sem kom í húsið. Einnig kvartaði hreingerningarstjórinn yfir því að eldhúsgólfíð væri erfitt yfirferðar vegna slits. Almenn óánægja er í húsinu með að þessi verk bættust á starfsmenn.

Læknisþjónustan er frá Landakoti og hefur Björn Einarsson öldrunarlæknir sinnt henni og Jón Snædal leyst hann af í fríum. Akstursþjónusta Þórunnar Tómasdóttur hefur séð um akstur skjólstæðinga að og frá heimili. Flestir nýta sér þessa þjónustu eða 39 af 44. Fóttaaðgerðarfræðingur kemur í húsið reglulega og veitir þeim skjólstæðingum sem vilja þjónustu.

Þriðja árs nemar við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands komu í starfsnám og félagsliðar í framhaldsnámi í dags kynningu. Fagfólk frá ýmsum stöðum hefur einnig komið og kynnt sér starfsseminu í Drafnarhúsi.

Aðstaðan í Drafnarhúsi er mjög góð. Viðhald húsnæðis hefur verið í lámarki síðustu ár og ýmislegt þarf að lagfæra eftir 7 ára starf í húsinu. Þörf er á að lagfæra eldhúsgólf sem er mjög illa farið og erfitt fyrir ræstingarfólk að þrifa svo vel sé. Ef vel ætti að vera þá þyrfti að skipta um gólfefni en spurningin hefur alltaf verið sú hver á að borga. Viðarparket er ekki hentugt gólfefni á eldhús, best væri að hafa góðan vínýl dúk eða linoleum dúk eða harðparket. Æskilegt er að húsnæðisgjald sem kemur tvisvar á ári frá Tryggingarstofnun fari í þessar framkvæmdir. Einnig er kominn tími á allsherjar hreingerningu í húsinu og eða málun, eins og á eldhúsi og stigagangi.

Síðustu ár hefur hjúkrunarþyngd aukist, við erum að fá til okkar einstaklinga sem þurfa meiri aðstoð og eftirlit með athafnir daglegs lífs og stoppa styttra en áður, þ.e. fara fyrr á hjúkrunarheimili eða á sjúkrahús. Það eru færri sem búa einir í dag miðað við áður, 10 af 44 bjuggu alveg einir. Biðin eftir að komast í dagþjálfun hingað er að meðaltali 8 mánuðir.

Starfsfólk hefur sótt fræðslu heilabilunareiningar á LSH sem haldinn er árlega í Salnum í Kópavogi. Starfsdagar eru haldnir þriðja hvern miðvikudag frá 13:30-16:30. Þá gefst starfsfólki tími til að skipuleggja starfssemi hússins og fara yfir ýmis mál sem greiða þarf úr. Einnig hafa sameiginlegir fræðslufundir með Maríuhúsi og Fríðuhúsi verið haldnir á skertum dögum. Á haustdögum fór starfsfólk Drafnarhúss ásamt starfsfólki Fríðuhúss og Maríuhúss í námsferð til Amsterdam í Hollandi. Það sem okkur þótti einna mest spennandi voru

Alzheimer kaffihús, en það eru kaffihúsakvöld með fræðslu fyrir þá sem eru með heilabilunarsjúkdóm og aðstandendur þeirra. Nokkrir starfsmenn úr hverju húsi stofnuðu kaffihúsahóp sem við köllum Gleym mér ei og ætlum að halda kaffihúsakvöld einu sinni í mánuði í vetur. Fyrsta kvöldið var í Fríðuhúsi 29. nóvember og heppnaðist með eindæmum vel. Það mættu tæplega 70 manns sem nutu þess að eyða kvöldstund saman.

Unnið er í nánú sambandi við aðstandendur sem hafa það hlutverk að vera umönnunaraðilar. Veittur er stuðningur og aðstoð til að fyrirbyggja að þeir verði útkeyrðir. Ráðgjöf og símaþjónusta hefur verið notuð í vaxandi mæli. Af 44 skjólstæðingum sem hafa nýtt sér þjónustu í Drafnarhúsi búa 31 með maka og 4 búa í sama húsi og börn. Áhugi er fyrir að útbúa nákvæmt stuðnings og fræðsluprógramm fyrir umönnunaraðila. Þjóða upp á litla hópa sem myndu hittast vikulega í 3 til 4 vikur 2 tíma í senn á dagvinnutíma. Velja í hópa eftir ástandi skjólstæðinga og þá gætu aðstandendur kynnst öðrum í svipaðri stöðu. Tveir starfsmen myndu veita þessa þjónustu í hvert skipti. Þetta er drauma verkefni, en það er óvíst hvort núverandi stöðugildi geta leyft það.

Erla Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur
forstöðumaður Drafnarhúss